



Vorönn 2026  
Fjölbrautaskóli Suðurlands

## MYNL3TK05 (1)

### Teikning (framhald)

|         |                                                                                      |
|---------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| Kennari | Ágústa Ragnarsdóttir, <a href="mailto:agustaragnars@fsu.is">agustaragnars@fsu.is</a> |
|---------|--------------------------------------------------------------------------------------|

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum rifja nemendur upp blýantsskyggingar, form- og línuteikningar annars þreps teikniáfangans MYNL2TK05. Farið er dýpra í fjarvídd og þjálfun formskilnings. Áhersla á skissugerð og fríhendisteikningu hluta, umhverfis, náttúru og dýra auk mannsandlita. Áhersla á fjölbreyttar skyggingar út frá áferð og andstæðum. Gerður samanburður á myndbyggingu út frá raunsæi, abstrakt og súrrealisma. Samspil forgrunns og bakgrunns rannsakað. Þátttaka í myndlistarsýningu í opinberu rými á afrakstri áfangans.

#### Undanfari: MYNL2TK05

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- teikningu og mismunandi skyggingu hluta og náttúruforma
- áhrifum skugga og ljóss til að ná fram andstæðum í mynd
- notkun fjarvíddarpunkta í myndbyggingu við skissugerð
- áhrifum ólíkra myndbygginga á uppsetningu viðfangsefnis

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- teikna fríhendis í skissugerð
- skyggja raunsætt út frá áferð og efni viðfangsefnis
- myndbyggingu á raunsæjan, brotakenndan og súrrealískan hátt
- vinna með fjarvídd hluta og náttúruforma í fríhendisteikningu
- nýta sér nærumhverfi sem og ljósmyndir í sínum verkum
- mæla út hlutföll mannsandlits og nýta í sinni teikningu.
- yfirfæra margvíslegar eigin skissur í lokamynd

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna myndir úr sínu nánasta umhverfi með hjálp þrívíddar- og fjarvíddartækni
- teikna myndir fríhendis úr sínu nærumhverfi og út frá ljósmyndum

- ná fram fjölbreytilegri skyggingu
- vinna með munstur út frá endurtekningu ýmissa forma úr náttúrunni
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd af hlutum og umhverfi sínu.
- teikna andlit í réttum hlutföllum.
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd út frá hlutum og náttúru
- tengja saman ólíka þætti svo úr verði heildstætt verk

### Námsefni:

Fyrirlestrar, innlagnir, glærur, internetið, myndbönd, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

### Sérreglur myndlistar:

**Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar, þar með töldu fullunnu og stöðnu lokaverkefni og fá 5 í lokaeinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann.**

**Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki mögulegt að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt er að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.**

- Áfanginn er verklegur staðnámsáfangi og skulu verkefni hans unnin að mestu leiti í kennslustundum að kennara ásjáandi. Í flestum tilfellum þarf einnig að vinna hluta verkefnana heima við.
- Nemendur eru með möppur þar sem þeir geyma skissur og verkefni. Mikilvægt að haldi vel utan um allt og taka möppur ávallt með sér heim þegar heimavinna er nauðsynleg til að standast áætlun.
- Öll verkefni birtast á INNU. Nemendur skulu skila **vandaðri** ljósmynd af hverju verkefni að því loknu í skilahólf auk greinargerða þar sem um það er beðið.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi og vinnuframlag, sjálfstæð vinnubrögð, tileinkun, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur ef nemandi vill bæta það.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.
- **Lokaverkefni er ígildi prófs.** Nemendur skulu hagnýta sér þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað í áfanganum til að vinna heildstætt verkefni á sjálfstæðan hátt undir handleiðslu kennara.

### Reglur um svindl og notkun gervigreindar

- <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>
- Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.
- Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.  
<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

## Áætlun um verkefni:

| Vika  | Dagsetning                                                                               | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|-------|------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|------------------|
| 2-5   | 9.-27. janúar                                                                            | Náttúra nær og fjær      | Verkefni 1       |
| 5-8   | 30. jan. -17. feb.                                                                       | Hlutir og dýr            | Verkefni 2       |
| 8-12  | 20. feb.-17. mars<br><i>23.-24. feb. vetrarfrí</i><br><i>27. feb. starfsþróunardagur</i> | Andlit og umhverfi       | Verkefni 3       |
| 13-16 | 24. mars – 14. apríl<br><i>30. mars - 6. apríl páskafrí</i>                              | Fjarvídd í byggingum     | Verkefni 4       |
| 16-20 | 14. apríl - 12. maí<br><i>1. maí frídagur verkalyðsins</i>                               | Lokaverkefni             | Verkefni 5       |

## Verkefni, vægi, tímarammi, innlagnir og skil

- |                                    |                             |                          |
|------------------------------------|-----------------------------|--------------------------|
| 1. Náttúra nær og fjær <b>20%</b>  | <b>Innlögn: 9. janúar</b>   | <b>Skil: 27. janúar</b>  |
| 2. Hlutir og dýr <b>20 %</b>       | <b>Innlögn: 30. janúar</b>  | <b>Skil: 17. febrúar</b> |
| 3. Andlit og umhverfi <b>20%</b>   | <b>Innlögn: 20. febrúar</b> | <b>Skil: 17. mars</b>    |
| 4. Fjarvídd í byggingum <b>15%</b> | <b>Innlögn: 24. mars</b>    | <b>Skil: 14. apríl</b>   |
| 5. Lokaverkefni <b>25%</b>         | <b>Innlögn: 14. apríl</b>   | <b>Skil: 12. maí</b>     |

## Námsmat:

| Námsþáttur           | Lýsing á námsmati                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Vægi |
|----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Náttúra nær og fjær  | Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, fjölbreytni í aðferð/nálgun, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, endanleg útkoma                                                                                                                      | 20%  |
| Hlutir og dýr        | Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, fjölbreytni í áferðum, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, endanleg útkoma                                                                                                                            | 20%  |
| Andlit og umhverfi   | Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, bakgrunnur, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, endanleg útkoma                                                                                                                                       | 20%  |
| Fjarvídd í byggingum | Fríhendisteikning, notkun fjarviddar, sýndur skilningur, flækjustig og smáatriði, yfirfærsla fyrirmyndar í eigin teikningu                                                                                                                                                                                            | 15%  |
| Lokaverkefni         | Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, fjölbreytni í aðferð/nálgun, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, þar sem fjarviddarbyggingar, andlit, dýr, hlutir ásamt lífrænum formum, náttúru og landslagi fléttast saman í sannfærandi lokaútkomu | 25%  |
| Samtals              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 100% |

## **Námsmats- og prófsýningardagur**

Námsmats- og prófsýningar eru alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

7. janúar 2026